

1867.

11. febrúar.

**4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskups-
ins yfir Íslandi, um styrk handa síra Páli Pálssyni,
til þess að kynna sèr kennsluáðferðina í skólanum
handa mállausum og heyrnarlausum.**

Með bréfi dagsettu 16. ágústmán. f. á. hafð þèr, háæru-
verðugi herra, sent hingað bænarskrá frá síra Páli Pálssyni,
sóknarpresti að Kálfafelli í Vestur-Skaptafellssýslu; sækir hann
þar um, bæði að mega ganga kauplaust á skólann handa mál-
lausum og heyrnarlausum í Kaupmannahöfn, til þess að kynna
sèr aðferð þá, sem þar er höfð við kennsluna, og líka um styrk
úr ríkissjóði til þess að borga með kostnaðinn, er ganga mundi
til ferðar hans til Kaupmannahafnar og verunnar þar.

Nú er skrifazt hefir verið á við forstöðumanninn fyrir hin-
num konunglega skóla handa mállausum og heyrnarlausum hèr í
bænum um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, sjálfum
yður til leiðbeiningar og til þess að þèr birtið það, að ekkert
er því til fyrirstöðu, að beiðandanum sè kauplaust gefinn kostur
á að kynna sèr kennsluáðferðina í tæðum skóla, og að stjórnar-
ráðið veitir honum að vera í skólanum ókeypis, það er að segja,
að hann fær þar herbergi, með því sem þar heyrir til, og sama
mat og börnin í skólanum um þriggja mánaða tíma, eins og hann
hefir vikið á, og þar á ofan 300 rd. styrk af fè því, sem veitt
er til óvissra gjalda handa Íslandi, til ferðakostnaðar og til þess
að kosta veru sína hèr í bænum, og loks linun í fararkaupinu
með gufu-póstskipinu, það er að segja 25 rd. í stadinn fyrir
45 rd.

**5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiðtsyfirvaldanna á
Íslandi, um skuld útgefenda „Íslendinga“ til prent-
smiðjunnar í Reykjavík.**

11. febrúar.

Í bréfi 23. maímán. f. á. leitaði dómsmálastjórnin álits
stiðtsyfirvaldanna um, hvort gjöra ætti ráðstafanir til að vernda
landsprentsmiðjuna í Reykjavík fyrir fèmissi útaf skuld þeirri,

1867.

11. febrúar.

er hún á hjá útgefendum „Íslendinga“, og þá var 1006 rd. 72 sk. að upphæð. Því næst hafð þér, herra stíptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá í bréfum dagsettu 29. septembermán. og 27. októbermán. s. á., að þér hafð látið hefja málssókn gegn útgefendunum til lúkningar skuldinni, er komin var niður í 962 rd. 78 sk., þá er síðara bréf yðar var skrifað, og hafð þér farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að sættast fyrir hönd landsprentsmíðjunnar við útgefendur „Íslendinga“ uppá kosti þá, er þeir hafa boðið á fundi, sem haldinn var 12. októbermán. f. á. fyrir sáttanefnd Reykjavíkur kaupstaðar, en kostirnir eru þeir, að útgefendurnir láti prentsmíðjuna fá:

- 1) allar skuldir, sem þeir eiga hjá kaupendunum að blaðinu, og að nafninu eiga að vera 400 rd. að upphæð, en forstöðumaður prentsmíðjunnar, Einar Þórðarson, hefir metið hér um bil 200 rd. » sk.
 - 2) allt, sem eftir er óselt af blaðinu, en það er 617 exemplör, sem ekkert vantar á; metur Einar Þórðarson hvert exemplar á 48 sk., verður það . 308 rd. 48 sk. og nokkur exemplör, sem vantar í, metin sem umbúðapappír 14 — » -
-
- 322 — 48 -
- 3) og að þeir borgi: Einar Þórðarson 68 rd. 9 sk., og hinir útgefendurnir hver um sig 60 rd., á þann hátt, að tíundi hluti þess verði goldinn á hverjum mánuði, þangað til búíð er að borga alls 428 — 9 -

samtals 950 rd. 57 sk.

Þó að þér að vísu állítið vafasamt, hvort það sem tilgreint er í 1. og 2. tölulíð sè eins mikils virði og þar er ætlazt á, haldið þér samt, að það kunni að vera ástæða fyrir landsprentsmíðjuna til, ýmsra sérlegra orsaka vegna, er þér hafð tekið fram í hinu síðara bréfi yðar, að ganga að boði þessu. En fari svo,

að stjórnarráðinu ekki lítist að samþykka það, hafið þér enn fremur beðið um, að yður verði til vitundar gefið, hvort þér eigið að leitast við að koma á sættum með öðrum kostum, og þá hverir þeir eigi að vera, eða að heimta að málinu verði vísað til dóms og laga, eins og það nú er. 1867.
11. febrúar.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að þar sem útgefendur „Íslendinga“ hafa gjört það sáttaboð, að landsprentsmiðjan skuli taka uppí skuld sína bæði nokkrar gamlar óvísar kröfur og það sem óselt er af blaðinu, og naumast mun ganga út nema sem umbúðapappír, þá verður stjórnarráðið að álíta sáttaboðið að því leyti alveg óaðgengilegt. Stjórnarráðið væri meira að segja að sínu leyti tilleiðanlegra til að gefa útgefendunum alveg upp nokkurn hluta skuldarinnar, ef að þér, sem yfirstjórnendur landsprentsmiðjunnar, þykist geta svarað fyrir, er þér hafið íhugað þau atriði, sem koma til greina við úrslit þessa máls, að gjöra ítarlegri uppástungu um það, en að öðrum kosti skal málssókninni fram haldið.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, er löggildir auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 á Íslandi. 11. febrúar.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður (amtmaður), kom þegnleg bænarskrá¹ til dómsmálastjórnarinnar frá alþingi 1865 um, að konungur veitti dómsmálastjórninni allrahæst leyfi til, samkvæmt konunglegri tilskipun 12. júlímán. 1862 og auglýsingu dómsmálastjórnarinnar s. d., að lækka á sama hátt og í Danmörku verðið á ýmsum samkynja lækni-lyfjum og lyfjaefnum einnig á Íslandi, og enn fremur verðið á brenndu kalki, pottösku og hjartarhornsolfu.

Nú er skrifazt hefir verið á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf þessu, skal yður kunngjört — um leið og þess skal

¹) Sjá Tíðindi frá alþingi 1865. II., 526—27. bls.